

Ed.

126. Frumvarp til laga

[64. mál]

um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Á 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. 2. tölul. orðist svo:

Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.

b. Á eftir 2. tölulið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

1. *Mýrasýsluumdæmi*: Mýrasýsla.

2. *Snæfellsnesumdæmi*: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

c. 3. töluliður orðist svo:

Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögum um dýralækna var síðast breytt og dýralæknisumdæmum fjölgað, var engin breyting gerð á um Borgarfjarðarumdæmi, en það var eitt af stærri umdæmum landsins, bæði að fjölda búfjár og viðáttu umdæmisins. Það nær yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi.

Um allangan tíma hefur dýralækninum í Borgarfjarðarumdæmi verið ráðinn til aðstoðar maður, sem að vísu var óskólalærður dýralæknir, og hafði hann búsetu á Akranesi. Var svo enn þegar lögunum var síðast breytt. Nú hefur hins vegar svo skipast, að maður þessi hefur látið af störfum vegna aldurs og vegna veikinda. Í hans stað hefur verið ráðinn til bráðabirgða annar maður, sem einnig er ólærður dýralæknir.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Borgarfjarðarumdæmi verði skipt í þrennt, og kemur þá í hvert hinna nýju undæma búfjártala sem næst því, sem hér segir:

	Nautgripir	Sauðfé	Hross
Borgarfjarðarumdæmi	2897	36538	1938
Mýrasýsluumdæmi	1753	37883	1568
Snæfellsnesumdæmi	1083	32437	960

Búfjártalan í Borgarfjarðarumdæmi er miðuð við ásetning bænda veturinn 1959—60, en í Mýrasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu veturinn 1958—59. Þó skal það tekið fram, að til viðbótar því, sem hér greinir um Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kemur tala búfjár, sem er í kaптúnunum á Snæfellsnesi, en hún mun vera nokkur.

Með tilliti til hins mikla bústofns, sem hér um ræðir, og stærðar þess landsvæðis, sem Borgarfjarðarumdæmi nær yfir, þykir rétt, með framtíðarskipan þessara mála fyrir augum, að skipting umdæmisins verði svo sem hér er lagt til.